

mið af námslengd og námsskipan í K.H.Í., H.Í. og öðrum stofnunum hérlendis sem mennta kennara.

3. gr.

Nefndin metur fyrst og fremst nám þeirra sem ekki hafa ótvíræð réttindi til starfa á því skólastigi sem þeir hyggjast starfa á skv. þeim prófum sem þeir hafa tekið, sbr. ákvæði laganna um einstök próf.

Sá sem leitar eftir úrskurði nefndarinnar skal senda ráðuneytinu fullnægjandi gögn um nám sitt.

4. gr.

Niðurstaða matsins skal leiða í ljós hvað hlutaðeigandi kennara skortir til að öðlast full kennsluréttindi á viðkomandi skólastigi. Við matið skal fyrst og fremst taka tillit til þess hluta námsins sem ætla má að nýtist beint eða óbeint í kennslu-
starfinu.

5. gr.

Kennarar, sem auka við menntun sína hérlendis eða erlendis með því að sækja námskeið eða stunda nám á annan hátt, skulu fá þessa menntun viðurkennda, ef eftirtöldum skilyrðum er fullnægt:

- a) að um hafi verið að ræða markvisst nám sem stuðlar að aukinni starfshæfni kennarans.
- b) að fyrir liggja matshæf gögn varðandi námið.
- c) að matsnefnd fallist á gildi námsins.

6. gr.

Nefndin leitar umsagnar kennarasamtaka þegar hún telur sérstakar ástæður til þess.

7. gr.

Nefndin kveður sérfræðinga í einstökum greinum eða í skólastarfi sér til aðstoðar eða leitar eftir umsögn þeirra eftir því sem hún telur nauðsynlegt.

Menntamálaráðuneytið, 9. nóvember 1978.

Ragnar Arnalds.

Birgir Thorlacius.

AUGLÝSING

**um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á
óverkuðum saltfiski og á söltuðum ufsaflökum
fyrir framleiðslutímabilið 1. september
til 31. desember 1978.**

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð á óverkuðum saltfiski og á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið 1. september til 31. desember 1978:

Óverkaður saltfiskur.

Stórfiskur nr. 1	kr. 684
Millifiskur nr. 1	— 642
Smáfiskur 40/60 nr. 1	— 547
Smáfiskur 60/100 nr. 1	— 505

Verð þessi eru f.o.b. Verðbil verður 4%, er miðast við verðhækkun eingöngu.

Söltuð ufsaflök.

15/20 FF	kr. 812
15/20 AB	— 687
21/25 FF	— 785
21/25 AB	— 664
26/30 FF	— 757
26/30 AB	— 640
31/35 FF	— 728
31/35 AB	— 616
36/40 FF	— 701
36/40 AB	— 593

Verð þessi eru c.i.f. Verðbil verður 5%, er miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Sjávarútvegsráðuneytið, 6. nóvember 1978.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

REGLUGERÐ

fyrir Vinnuheimili S.Í.B.S. að Reykjalundi.

1. gr.

Stofnunin er eign S.Í.B.S., og rekin af því, svo sem nánar greinir í reglugerð þessari. Fjárhagur hennar er aðskilinn öðrum fjármálum sambandsins.

2. gr.

Starfssvið stofnunarinnar er læknisfræðileg, atvinnuleg og félagsleg endurhæfing og vinna við vernduð störf.

3. gr.

Berkla- og brjóstholssjúklingar skulu hafa forgang samkvæmt lögum S.Í.B.S. að ¼ hluta vistrýmis og skjólstaðingar Geðverndarfélagss Íslands samkvæmt sérstökum samningi.

4. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð 5 mönnum, einum kjörnum af þingi S.Í.B.S., tveim kosnum úr hópi stjórnar sambandsins, og tveim kjörnum samkv. lögum nr.